

Ed.

602. Nefndarálit

[217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frv. til lánsfjárlaga og þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir frv., kemur fram á hliðstæðan hátt og í gildandi fjárlögum, að núverandi ríkisstjórn fylgir sem fyrr ómengaðri vinstri stefnu í ríkisfjármálum, lána- og fjárfestingarmálum og öðrum þáttum efnahagsmála. Hvergi er slakað á þenslu ríkisútgjalda, skattheimtu, lántökum til hins opinbera né þrúgandi ríkisafskiptum og miðstýringu sem leitt hafa til stöðnunar þjóðarframléiðslu, óðaverðbólgu, versnandi lífskjara og hættu á atvinnuleysi.

Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á gamlársdag um viðnám gegn verðbólgu breyttu engu í grundvallaratriðum um þessa meginstefnu. Með skerðingu á verðbótum kaups og bóta almannatrygginga tókst að vísu að draga úr því verðbólguflóði, sem ríkisstjórnin sjálf átti mestan þátt í að efna til á síðari hluta árs í fyrra, og kippa til baka grunnkaupshækkunum launþega. Þannig er á þessu ári spáð verðbólgu hliðstæðri þeirri sem spáð var í fyrra um þetta leyti, ef ríkisstjórnin héldi að sér höndum og hefðist ekkert að í efnahagsmálum.

Næsta haust, þegar kemur að gerð nýrra kjarasamninga, verður að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum við nákvæmlega sama vanda að glíma og í fyrrahaust, þ. e. a. s. um og yfir 50% verðbólgu, kaupmáttarrýrnun um 5 til 6% frá síðasta ársfjórðungi 1980 þrátt fyrir grunnkaupshækkun í fyrra og að öllum líkindum að auki samdrátt í atvinnulífi og atvinnuleysi. Þetta er þeim mun hörmulegra þar sem sýnt er að viðviðskiptakjör muni ekki versna sem neinu nemur á þessu ári í samanburði við verulega rýrnun þeirra á árunum 1979 og 1980.

Þær forsendur, sem þetta frv. til lánsfjárlaga er byggt á, eru m. a. að verðbólga verði að meðaltali milli árana 1980 og 1981 42%. Þessi forsenda er auðvitað gjörsamlega brostin og sama gildir um sömu verðforsendu fjárlaga. Í fyrra reyndist verðbólgan um 60% frá ársbyrjun til ársloka, og jafnvel þótt verðbólga verði um 40% á yfirstandandi ári, sem engar líkur eru þó á, verður meðaltal verðbólgu milli árana 1980 og 1981 miklu hærra en 42%. Þetta er viðurkennt beinum orðum í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Þar segir svo orðrét: „Þótt takist að koma verðlagshækkunum niður undir 40% á árinu 1981 verður meðalhækkun milli árana 1980 og 1981 nokkru meiri en fjárlög ársins miðast við, 42%. (Leturbr. hér.)

Nær sanni mun að verðbólga milli árana 1980 og 1981 verði að meðaltali ekki minni en 52–55%. Þetta þýðir að lántökur, einkum erlendar, verða meiri en áætlunin gerir ráð fyrir, ef halda á í við framkvæmdamátt, fjárfesting verður meiri en gert er ráð fyrir og að einhverju leyti bitnar þetta á framkvæmdum og kemur fram sem niðurskurður að raungildi, svo sem nú er ljóst að verður t. d. í vegamálum. Alla

þessa síðbúnu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, þarf því að lita á með ótal fyrirvörum eins og annað sem ríkisstjórnin lætur frá sér fara um efnahagsmál.

I. Meginstefna lánsfjárlaga 1981.

Megin Einkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 eru þau sömu og lánsfjárlaga síðastliðins árs, en þau voru fyrstu lánsfjárlög núverandi ríkisstjórnar. Þessi megin-einkenni eru að því er varðar stýringu lánsfjár og fjárfestingar sem hér segir:

- 1) Heildarfjárfesting er enn um eða yfir 26% af þjóðarframleiðslu þrátt fyrir áformaðan magnsamdrátt í stórvirkjunum, stóriðju og hitaveituframkvæmdum.
- 2) Opnberar framkvæmdir aukast enn að magni til þriðja árið í röð og er það eini meginliður fjármunamyndunar í landinu sem þróast þannig.
- 3) Stórfelldur samdráttur er fyrirhugaður í fjármunamyndun atvinnuveganna, eða 12.6% að magni til, og fyrirsjáanlegur er samdráttur í íbúðabyggingum þriðja árið í röð.
- 4) Erlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda er aukin um rúmlega 1 milljarð nýkróna (100 milljarða gkr.), eða tæp 105%, og heildarlántaka til opinberra aðila um 85%.
- 5) Erlendar skuldir í árslok 1980 voru tæplega 6 milljarðar nýkróna miðað við áramóttagengi. Áformað er að taka ný erlend lán um 1.5 milljarða kr. á árinu. Þetta þýðir 71.4% hækkun erlendra skulda að raungildi á 4 árum.
- 6) Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári 15.7—16.4% af útflutningstekjum og skuldastaðan 36.6% af þjóðarframleiðslunni í árslok 1981. Greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum var til samanburðar árið 1977 13.7% og skuldastaðan 31.6% af þjóðarframleiðslu.
- 7) Haldið er áfram niðurskurði á framlögum ríkissjóðs af samtíma skatttekjum til framkvæmda eins og gert hefur verið síðustu ár, en lána aflað að hluta til þess að halda uppi framkvæmdum. Þetta er í raun nýtt form á hallarekstri ríkissjóðs.

II. Efnahagsþróun og þjóðhagshorfur.

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er skv. lögum byggt á nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á árinu. Ýmis gögn hafa einnig komið fram í þingnefndum um þjóðhagshorfur og er ekki úr vegi að gera örstutta grein fyrir nokkrum þáttum efnahagsmála á árinu eins og þeim er spáð í framangreindum gögnum.

I. Verðbólgan.

Það vekur athygli að sáralítið er fjallað um hvernig horfir um verðbólguþróun á þessu ári í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem er gagnstætt venju. Þó er viðurkennið berum orðum, eins og fyrr segir, að forsendur áætlunarinnar um 42% meðalbreytingu verðlags milli árána 1980 og 1981 séu lægri en gera má ráð fyrir.

Þjóðhagsstofnun gaf út spá sem m. a. fól í sér mat á verðbólguþróun á árinu 1981, dags. 5. janúar s. l., þ. e. a. s. eftir útgáfu bráðabirgðalaganna. Í þessari spá er gert ráð fyrir um eða yfir 50% verðbólgu á árinu 1981 frá ársbyrjun til ársloka. Þetta er svo til nákvæmlega eins spá og Þjóðhagsstofnun gaf út um verðlagsþróun á árinu 1980 hinn 22. apríl það ár eða skömmu eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Í forsendu spárinnar fyrir verðþróun 1980 segir orðrétt: „Í framangreindum spám er ekki gert ráð fyrir nýjum ráðstöfunum á sviði verðlagsmála sem fram kynnu að koma á næstunni.“ Verðbólguvexti var m. ö. o. spáð um og yfir 50% á árinu 1980 ef ríkisstjórnin gerði hvorki gott né illt í verðbólguááttum.

Það er einkar fróðlegt að bera saman þessa spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu

á árinu 1980 við spána frá 5. janúar um verðbólgu á þessu ári. Sá samanburður lítur þannig út:

Hækkun framfærsluvisitölu:

Á árinu 1980:		Á árinu 1981:	
Spá Þjóðhagsstofnunar		Spá Þjóðhagsstofnunar	
22. apríl 1980		5. jan. 1981	
1. júní	11—11½%	1. júní	10—11%
1. sept.	9%	1. sept.	9%
1. nóv.	10%	1. nóv.	11%

Þessar spár eru nánast eins. Báðar eru byggðar á óheftum framgangi vixlhækkana verðlags, búvöruverðs, fiskverðs, launa o. s. frv. og óbreyttri stefnu í efnahagsmálum. Hefur þá ekkert gerst? Á síðustu mánuðum ársins 1980 var samið um grunnkaupshækkanir sem ríkisstjórnin taldi ekki verðbólguhvetjandi. Ríkisstjórnin raut þá stíflu sem hleypti fram miklu verðhækkunarflóði þannig að verðbólgan varð tæp 60% á árinu 1980 og stefndi í 70% á árinu 1981. Síðan hefur náðst sá „umtalsverði árangur“ að kippa þeim grunnkaupshækkunum til baka, sem samið var um í lengstu kjarasamningum sem staðið hafa á síðari árum hér á landi, og eyða áhrifum verðhækkunarflóðs ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum „góðu“ sem skertu verðbætur á kaup um 7% og einnig allar tegundir tryggingarbóta almannaþrygginga. Niðurstaðan er þó sú, að áfram er hjakkað í sama verðbólguferinu og í fyrra svo sem greinilega sést á framangreindum tölum um líklega verðþróun á árinu í samanburði við spár á s. l. ári.

2) Viðskiptakjör — „innflutt verðbólga“.

Á árinu er gert ráð fyrir 1—2% lakari viðskiptakjörum en á s. l. ári. Þá versnuðu þau um 3½% og mun meira 1979. Þessi áætlun í ár sýnist mjög varfærnisleg og ljóst er að mikil breyting hefur orðið til batnaðar að þessu leyti, einkum vegna styrkingar dollarans. Þá hefur innflutningsverð á föstu gengi ekki hækkað eins og undanfarin ár, eða sem hér segir:

1979 varð 20% hækkun innflutningsverðs.
1980 varð 13% hækkun innflutningsverðs.
1981 spá 7—8% hækkun innflutningsverðs.

Fráleitt er að rökstyðja þá verðbólguþróun, sem hér er, með því að hún sé „innflutt“ að miklu leyti. Þessi hagstæða þróun innflutningsverðs kemur í engu fram í hjöðnun verðbólgu innanlands, eins og fyrr er vikið að.

3) Kaupmáttur og þjóðarframleiðsla.

Sú verðbólga, sem er ár eftir ár um og yfir 50%, hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar að skekkja verðmætamat, brengla eðlilega fjármunamyndun og lama atvinnuvegina. Þetta kemur m. a. fram í minnkandi þjóðarframleiðslu á mann og versnandi lífskjörum.

Þjóðarframleiðsla á mann hefur farið minnkandi sem hér segir:

1977	5.2% aukning
1978	3.6% —
1979	1.3% —
1980	1.3% —
1981	0 —

Þetta er umhugsunarvert, einkum ef það er haft í huga að botnfiskafli hefur aukist gífurlega hin síðari ár og varð sú aukning m. a. til þess á árinu 1980 að þjóðarframleiðsla óx um 1½% meira en búist var við. Botnfiskafli varð einungis 470 þús. tonn 1978, en tæp 630 þúsund tonn 1980, þ. e. a. s. 160 þús. tonnum eða 34% meiri,

Kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi á sama tíma. Kaupmáttur kaup-taxta launþega hefur rýrnað sem hér segir skv. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhags-áætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust:

1977	+11.8%
1978	+ 7.6%
1979	÷ 1.0%
1980	÷ 5.0%

Á árinu 1981 er spáð 5—6% minna kaupmætti taxtakaups á 4. ársfjórðungi 1981 miðað við 4. ársfjórðung 1980 og meðaltalslækkun kaupmáttar um 2% miðað við árið í fyrra, þrátt fyrir grunnkaupshækkunar á s. l. hausti. Þetta er uppskera sem einhvern tíma hefði ekki verið talin stjórnvöldum til hróss og varla af Alþýðubanda-lagsmönnum, ef þeir væru í stjórnarandstöðu!

III. Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda.

Skv. lánsfjáraætlun fyrir árið 1981 og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskipta-nefndar við frv. er stefnt að lántökum til opinberra framkvæmda á árinu sem nema 1 357.5 millj. nýkr. Þessi fjárhæð nam skv. lánsfjárlögum 1980 734.3 millj. kr. Hækk-unin nemur því tæplega 85%. Af þessari lánsfjárhæð er ætlunin að afla 338.1 millj. kr. á innlendum lánsfjármarkaði, sem er 43.7% hækkun frá fyrra ári, og 1 019.4 millj. í erlendum lánnum, sem er 104.7% hækkun frá lánsfjárlögum 1980. Erlendar lán-tökur til opinberra framkvæmda hafa þrefaldast í krónutölu skv. lánsfjárlögum 1981 miðað við lántökur á árinu 1979. Þær námu þá sem svarar 301 millj. nýkróna.

Fram kemur á eftirfarandi yfirliti hvernig lánsfjár hefur verið aflað árin 1978 og 1979 til opinberra framkvæmda skv. rauntölum og skv. lánsfjárlögum árin 1980 og 1981 (millj. nýkróna). Heimild: Fjárfestingar- og lánsfjáraætlun 1979—81.

	Innlend lánsfjáröflun m.kr.	Erlend lánsfjáröflun m.kr.	Samtals m.kr.	Hækkun milli ára %
1978	76.7	185.3	262.0	
1979	80.6	301.1	381.7	45.7
1980 ¹⁾	236.4	498.0	734.4	92.4
1981 ²⁾	338.1	1 019.4	1 357.5	84.9

1) Tölur skv. lánsfjárlögum 1980.

2) Skv. frv. til lánsfjarlaga 1981.

Framangreindar tölur leiða ótvírætt í ljós, að framkvæmdir og ýmis útgjöld hins opinbera eru í stórvaxandi mæli fjármögnuð með lánsfé, einkum erlendum lántökum. Þetta er úggvænleg stefna, einkum ef það er haft í huga að skattar hafa verið hækkaðir gífurlega að raungildi frá og með árinu 1979, auk þess sem niður-skurður ýmissa fjárframlaga ríkissjóðs, m. a. til atvinnuveganna, hefur ekki komið fram í skattalækkun, heldur þvert á móti í aukinni eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum.

Þessi þróun kemur einnig mjög glögg fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáraætlun fyrir árið 1981. Þar er að finna (á bls. 28) töflu yfir hlutfall láns-fjár í fjármunamyndun. Heildarframkvæmdir hins opinbera eru skv. þessari heimild fjármagnaðar með lánsfé sem hér segir:

Lánsfé til opinberra framkvæmda % af fjárfestingu:

1979	1980	1981
57.1%	62.4%	70.1%

á sama tíma sem þjóðarframleiðslan vex sáralítið og stendur í stað á yfirstandandi ári skv. spám þar um.

Auknar lántökur til opinberra framkvæmda eru oft rökstuddar með þörf á auknum framkvæmdum á sviði orkumála. Engum blandast hugur um að virkjun vatns- og hitaorku í stórum stíl er grundvallarskilyrði efnahagslegra framfara í landinu og aukins atvinnuöryggis og efnahagslegs sjálfstæðis. Því miður nær þessi skýring skammt á þreföldun lántaka erlendis til opinberra framkvæmda á tveimur árum. Magnaukning framkvæmda á sviði virkjana og hitaveitna hefur vissulega orðið nokkur á árunum 1979 og 1980, en á yfirstandandi ári er spáð samdrætti í framkvæmdum á þessum sviðum.

Skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1981 og 1980 breytist magn framkvæmda á sviði virkjana, stóriðju, hita- og vatnsveitna sem hér segir árin 1978—81:

	1978 %	1979 %	1980 áætlað %	1981 spá %
Þjósárvirkjun, Kröfluvirkjun,				
álver, járnblendi	+2.4	+12.9	+22.6	÷4.2
Hita- og vatnsveitur	÷6.1	+4.7	+22.0	÷3.9

Ekki fer á milli mála að skýringanna á síauknum lántökum til opinberra framkvæmda er síður en svo einvörðungu að leita í auknum orkuframkvæmdum, heldur er ekki síður um að kenna þeirri vinstri stefnu í ríkisfjármálum að þenja eyðslu-útgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir. Fangaráðið verður þá m. a. að skerða framlög ríkissjóðs af skatttekjum til framkvæmda, entaka lán í staðinn. Sjónarspilið þarf að hafa sinn gang.

Mikilvæg og uggvænleg skýring á aukinni lánsfjárþörf til opinberra framkvæmda, sem hefur aukist úr 57.1% af heildarfjárfestingunni árið 1979 í rúm 70% 1981 skv. lánsfjáráætlun, er enn fremur sú, að ein bestu og arðbærustu fyrirtæki landsmanna — orkuvinnslufyrirtækin — eru knúin til að selja vöru sína undir kostnaðarverði og hafa því þeim mun minna úr að spila til að standa sjálf undir eðlilegum hluta af framkvæmdakostnaði nýrra orkuvera. Dæmi um þetta er verðlagning á orku Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, en þessi fyrirtæki hafa nú fyrir bragðið miklum mun minna fjármagn til arðbærra framkvæmda en eðlilegt er.

Sú vinstri stefna í ríkisfjármálum að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir, minnka framlög ríkissjóðs til framkvæmda, en taka heldur lán til þess að sýnast í bili og láta framtíðinni eftir að borga, kemur glöggst fram í framkvæmdum á sviði vegamála. Frá 1979 hafa bensínskattar í ríkissjóð hækkað að raungildi um 35%, framlög af þessum skatttekjum til vegamála hafa heldur lækkað en hitt, en lántökur tvöfaldast að meðaltali 1980 og 1981 miðað við árið 1979. Nýbyggingar veiga og brúa hafa þó ekki aukist að magni til ef tekið er meðaltal framkvæmda þrjú árin 1979—81 og borið saman við meðaltal framkvæmda á ríkisstjórnarárum Geirs Hallgrímssonar.

Skólabókardæmið er því þetta: Ekkert af 35% hækkun skatta á bensíni fer til vegafarmkvæmda. Lán eru slegin og þyngja verður skattana eftir nokkur ár til þess að borga lánin sem þó nægja einungis til þess að hjakka í sama farinu með magn vegafarmkvæmda ef litið er til síðustu þriggja ára. Vegafarmkvæmdir eru þó arðbærasta fjárfestingin næst orkumálum sem unnt er að verja til opinberu fé. Ljóst er að til slíkra framkvæmda er réttlætunlegt að taka lán, en betur væri allur almenn-ingur settur, ef sú gífurlega hækkun skatta á bensín, sem orðið hefur síðustu árin, væri til ráðstöfunar til vegafarmkvæmda og afborgana af vegagerðarlánunum, en að þessir fjármunir fari í eyðsluhit ríkissjóðs.

Á eftirgreindu yfirliti sést hvornig ætlunin er að afla lánsfjár til opinberra framkvæmda skv. frv. til lánsfjárlaga og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar. Rauntölur frá árunum 1978—79 eru til hliðsjónar og einnig lánsfjárlög 1980. (Tölum breytt í m. nýkr.)

Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1978—81.

	1978	1979	1980	1981	Hækkun 80/81 %
I. Innlend lánsfjáröflun					
1) Útgáfa spariskirteina	31.0	65.0	70.0	90.0	
2) Innheimt endurlánuð spariskirteini	27.5	55.5	67.4	90.0	
3) Verðbréfakaup banka	—	—	39.0	48.0	
4) Verðbréfakaup lífeyrissjóða	—	—	60.0	60.0	
5) Annað lánsfé	18.3	10.0	—	50.1	
	76.7	80.5	236.4	338.1	43.7
II. Erlend lán	185.3	301.0	494.7	1019.4	104.7
	262.0	381.5	734.3	1357.5	84.8
Þar af innlend og erlend lán til A- og B-hluta	134.4	225.0	338.8	650.0	91.8

Það vekur athygli, að lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs hækka meira en heildarhlantaka til opinberra framkvæmda, eða um 91.8% í samanburði við 84.8%, en það gefur enn til kynna að hér er verið að slá víxla á framtíðina og reka ríkissjóð með auknum lántökum og raunverulegum halla.

Í fyrra var stefnt að þreföldun á lántökum til opinberra framkvæmda á innlendum lánsfjármarkaði til þess að fá fram lækkingu erlendrar lántöku á pappírnum. Þetta tókst ekki, enda var hér um algera óskhyggju að ræða miðað við ríkjandi aðstæður. Einkum tókst ekki að fá lífeyrissjóði til að kaupa þau verðbréf sem stefnt var að. Í ár er um raunsæri áætlun að þessu leyti að ræða, einkum ef vel tekst til um verðtryggingu innlána, sem ætti í sjálfu sér að auka sparnað í bankakerfinu þótt reynst geti örðugt við ríkjandi aðstæður fyrir atvinnureksturinn að mæta kostnaðar- auka þeirrar vaxta- og verðtryggingarstefnu.

Eins og kunnugt er ákvað ríkisstjórnin að bankar og sparissjóðir skyldu hafa á boðstólum innlánsreikninga sem bundnir væru einungis til sex mánaða og hera fulla verðtryggingu skv. lánskjaravísitölu og 1% vexti. Sé litið á þessa ráðstöfun án samhengis við aðra þætti stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er hún heilbrigð. Hún bætir kjör sparifjáreigenda og ætti að stuðla að aukinni sparifjármyndun. En vafasamt er að tekin hafi verið ákvörðun um meiri hávaxtastefnu í einu stökki og kemur það spáskt fyrir sjónir í öllu tali núverandi stjórnarflokka um nauðsyn lækkunar vaxta hjá atvinnuvegunum.

Atvinnuvegir eru í spennitreyju verðlagshatta og falskrar gengisskráningar. Við slíkar aðstæður getur slík lögboðin hávaxtastefna og áframhaldandi verðbólga, sem engin merki eru um að verði minni en 50% á þessu ári, komið mörgum fyrir- tækjum í greiðsluþrot og teflt atvinnuöryggi í tvísýnu.

Fyrir skömmu var haldinn svæðisfundur kaupfélaga á Suðurlandi. Þar var samþykkt athyglisverð ályktun þar sem uggur kemur fram einmitt um þetta og að „fjöldmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu séu komin í þrot“. Ályktun þessi á erindi í umræðu um efnahagsmál á Alþingi um þessar mundir, og einkum ættu stjórnar- sinnar að lesa hana kvölds og morgna. Því er hún birt hér í heild:

„Svæðisfundur samvinnuhreyfingarinnar á Suðurlandi, haldinn að Hvoli 21. mars 1981, fagnar þeim efnahagsráðstöfunum sem gerðar hafa verið á þessu ári til þess að draga úr verðbólgu og lækka vexti. Þó telur fundurinn þessar ráðstafanir lítills eða einskis virði nema þeim sé fylgt eftir með öflugum aðgerðum til frekari niður- færslu verðbólgunnar og vaxtalækkun.

Fundurinn bendir á, að atvinnufyrirtækin geta ekki staðið undir þeim fjármagns- kostnaði sem verðbólguvextirnir hafa í för með sér, enda eru fjöldmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu algerlega komin í þrot með rekstrarfé og rekstrargrund- völlum brostinn, og þar með er atvinnuöryggi fjölda fólks stefnt í hættu. Fundurinn

skorar á ríkisstjórn, Alþingi og aðra, sem hlut eiga að máli, að taka höndum saman til þess að búa þessum atvinnu- og þjónustufyrirtækjum viðunandi rekstrargrundvöll.“ (Leturbr. hér.)

IV. Lánsfjáröflun til fjárfestingarsjóða og starfsemi þeirra.

a) Atvinnuvegasjóðir.

Skv. skýrslunni um lánsfjáráætlun 1981 og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskipta-nefndar munu útlán fjárfestingarlánasjóða nema 1 023 m.kr., sem er rúmlega 59% hækkun frá fyrra ári. Fjármögnun sjóðanna er með þrennum hætti: 1) eigið fé, 2) framlög úr ríkissjóði og 3) lánsfé. Hluti lánsfjár hefur aukist mjög undanfarin ár. Hann nam 48.2% 1978, 59.7% 1979 og mun nema 67.5% 1981 eða 2/3 af útlána-getu sjóðanna. Þetta er ekki óeðlileg þróun út af fyrir sig, þar sem útlán eru í vaxandi mæli með sambærilegum kjörum og lán sem sjóðirnir taka. Á hinn bóginn hefur þetta valdið sífelldri raunvaxtahækkun fyrir atvinnuvegina sem hætt er við að geti valdið samdrætti og atvinnuleysi við þær aðstæður sem ríkja á öðrum sviðum í efnahagslífinu, þ. e. a. s. ríkjandi verðlagshöft og falskt gengi.

Athyglisvert er að útlánageta atvinnuvegasjóðanna eykst einungis um 37.7% frá því í fyrra og verður það örugglega langt undir verðbólguþingi. Þetta undirstrikar það hrikalega skilningsleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sem kemur fram í fjölbreytilegstu myndum.

Atvinnumálastefna ríkisstjórnarinnar kemur ekki sist fram í því, hverju sérfræðingar hennar spá um fjármunamyndun atvinnuveganna á yfirstandandi ári. Um það verður fjallað hér í öðru samhengi, en ástæða er að undirstrika að í gögnum Fiskveiðasjóðs, sem bærust fjárhags- og viðskiptanefnd, er útilokað að gera sér grein fyrir því, hvort eða hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að halda í horfinu með innlendar skipasmíðar þar sem einungis er gert ráð fyrir að lána til þeirra skipa sem nú þegar hefur verið samið um smíði á.

b) Húsnæðislán og stefnan í húsnæðismálum.

Í þessu frv. er innsiglið sú stefna í húsnæðismálum sem kom fram í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Í henni felst kúvending. Gert er ráð fyrir að skerða stórlega útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins til almennra útlána og eru framlög ríkissjóðs til hans skert skv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi um 138 millj. nýkr. eða 13.8 milljarða gkr. Að vísu er gert ráð fyrir að auka framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Séu þessi framlög til beggja sjóðanna lögð saman er skerðing framlaga ríkissjóðs samt sem áður 5—6 milljarðar gkr.

Þessi skerðing skv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi, þar sem lögboðnir voru jafnframt fjölmargir nýir lánaflokkar, er ekki notuð til skattalækkunar, heldur til eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum. Þessa stórfelldu skerðingu á tekjum Byggingarsjóðs á að bæta að nokkru upp með auknum lántökum, og er hér komið annað dæmið við hlið vegamálanna um hvernig framlög af skatttekjum ríkissjóðs til framkvæmda hafa verið skorin niður — fjármagnið notað til aukinnar eyðslu ríkissjóðs, en framkvæmdum að nokkru haldið í horfinu með auknum lántökum. Hér er í raun um að ræða að reka ríkissjóð með halla í nýju formi.

Í áætlun húsnæðismálastjórnar um útlán Byggingarsjóðs ríkisins (áætlun IV 1981) höfðu útlán, sem stofnunin áleit við fjárlagaafgreiðslu lágmarksútlán, verið skorin niður um 24 millj. nýkr. eða 2.4 milljarða gkr., „skv. ákvörðun ráðuneytisins“, að sögn fulltrúa húsnæðismálastjórnar sem komu á fund nefndarinnar. Samt sem áður þarf að hækka lántökur í lífeyrissjóðum um 101% til þess að fjármagna þessa niðurskornu áætlun. Slíkur er niðurskurðurinn á fjárlögreglum ríkissjóðs til almennra húsnæðismálalána.

Í greinargerð Húsnæðisstofnunar ríkisins segir svo orðrétt um þetta: „Í þessari áætlun eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna afgangsstærð. Á árinu 1980 keyptu

þeir skuldabréf fyrir tæpar 80 millj. kr. (nýkr.). Áætluð kaup 1981 eru 161.2 millj. kr. eða hækkun um 101.5%. (Leturbr. hér.)

Enn fremur segir í sömu grg.: „Frumlán til þeirra, er gera fókheld í jan./sept. 1981, eru áætluð um 1087 íbúðir. Sambærilegt tímabil 1980 var 1265 íbúðir (14% fækkun).“ Hér er því beinlínis gert ráð fyrir 14% samdrætti almennra íbúðabygginga í viðbót við þann samdrátt sem varð 1980. Forráðamenn húsnæðismálastjórnar sögðu við fjárhags- og viðskiptanefndarmenn að samdrátturinn yrði líklegast „heldur meiri en minni“ en þessar áætlanir gefa til kynna.

Við þetta er því að bæta, að forráðamenn lífeyrissjóðanna „drógu mjög í efa“ að það tækist að fá 100% meira fé úr lífeyrissjóðunum til húsnæðislána, miðað við síðasta ár, vegna aukinna skuldbindinga lífeyrissjóðanna skv. síðustu kjarasamningum á s.l. hausti, fyrirsjáanlegs samdráttar í tekjum og jafnvel atvinnuleysis á þessu ári.

Um byggingu verkamannabústaða er allt í óvissu á þessu ári en fulltrúar Húsnæðisstofnunar töldu á fundi með fjárhags- og viðskiptanefnd að þeim mundi ekki fjölga á þessu ári til jafns við fækkun almennra íbúða, sem byggðar yrðu, og samdráttur fyrirsjáanlegur „í öllum áætlunum um húsnæðisbyggingar á árinu“. Áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins nr. IV um fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins fylgir hér á fskj. I til glöggvunar.

c) Sjóðir með félagsleg markmið.

Í frv. eru framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða skorin niður meira en nokkru sinni fyrir miðað við gildandi lög. Sú stefna er almennt ekki aðfinnsluverð þegar tekin hefur verið upp verðtrygging inn- og útlána sjóðanna, að því tilskildu að slíkur niðurskurður sé nýttur til skattalækkana. Hér er því ekki að heilsa, eins og marg oft hefur verið gagnrýnt í öðru samhengi.

Haldið er áfram þeirri fráleitu og furðulegu stefnu að skera niður framlög til ýmissa sjóða sem hafa félagsleg markmið og ýmist styrkja ákveðna starfsemi skv. lögum eða lána með mjög hagstæðum kjörum. Hér má nefna Erfðafjár sjóð, sem styrkja á m. a. endurhæfingarstöð fatlaðra, og Bjargráðasjóð, sem hlaupa á undir bagga vegna tjóna af ýmsu tagi.

Það er kaldhæðnislegt, nú þegar stórtjón hafa orðið af náttúruhamförum í landinu, að með þessu frv. er verið að lögfasta skerðingu á framlögum til Bjargráðasjóðs.

Til þess að freista leiðréttingar á þessu flytjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins brtt. um afnám þessarar skerðingar á framlögum til Erfðafjár sjóðs og Bjargráðasjóðs. Einnig flytjum við tillögu um skil launaskatts til Byggingarsjóðs ríkisins í samræmi við tillöguflutning við afgreiðslu fjárlaga.

V. Erlend lán.

Á árinu 1980 fóru erlendar lántökur verulega fram úr áætlun. Skv. lánsfjárlögum áttu þær að nema 856 millj. nýkr., en urðu 1073 millj. og fóru því 217 millj. kr. fram úr áætlun eða 25.4%. Ástæðan fyrir þessu er að verulegu leyti sú, að lánsfjáráætlun 1980 var stórlega vanáætluð miðað við framkvæmdaáform til þess að erlendar lántökur yrðu lægri á pappírnum. Ef afborganir eru dregnar frá var nettóaukning langra erlendra lána 697 millj. kr. sem svarar til 12% af útflutningstekjum, en 5.3% af þjóðarframleiðslu.

Á árinu 1981 er áformað að taka um 1500 m.kr. erlend lán. Afborganir eru áætlaðar 690 og nettó-aukning erlendra skulda því 810 m.kr. Hér er miðað við að brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar nái fram að ganga.

Nettóaukning erlendra lána til langs tíma hefur farið vaxandi og er sem hér segir:

	% af útflutningstekjum	% af þjóðarframleiðslu
1978	6.3	2.7
1979	8.3	3.8
1980	12.0	5.3

Á árinu 1981 er búist við heldur minni nettóaukningu en 1980 á báða þessa mælikvarða, en miklum mun meiri aukningu en 1978 og 1979.

Löng erlend lán námu í árslok 1980 5 940 m.kr. Staða erlendra lána undanfarin ár hefur farið ört vaxandi svo sem fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Erlend lán í árslok:

	Millj. nýkr.	Gengi \$	Millj. dollara
1977	1 342	212.8	630
1978	2 361	317.7	743
1979	3 314	394.4	840
1980	5 968	623.0	958
1981	(6 780)	—	1080

Löng erlend lán hafa skv. þessu hækkað um 450 millj. dollara við næstu áramót frá áramótum 1977—78, miðað við að lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár standist. Þetta er 71.4% raungildishækkun á 4 árum.

Greiðslubyrði afborgana og vaxta hefur einnig farið ört vaxandi á þessu tímabili. Sú þróun er þannig skv. upplýsingum Seðlabankans:

	% af útflutningstekjum
1975	14.2
1976	13.8
1977	13.7
1978	13.1
1979	12.8
1980	14.1
1981	15.4 (áætlað)
1982	15.7—16.4 (áætlað)

Miðað við ríkjandi lánskjör, spár um útflutningstekjur og ákvæði lánsfjárlaga 1981 verður greiðslubyrði afborgana og vaxta erlendra lána komin upp í 15.7—16.4% á næsta ári úr 13—14% fram til ársins 1980. Hér er því um greinilega stökkbreytingu að ræða einmitt á þeim tíma sem sett var ákvæði í málefnasamning núverandi ríkisstjórnar þess efnis, að stefnt skuli að því, „að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar“. (Leturbr. hér.)

Sé skuldastaða erlendra lána borin saman við þjóðarframleiðslu kemur fram hliðstæð niðurstaða.

Erlendar skuldir í prósentum af þjóðarframleiðslu.

1977	31.6
1978	33.7
1979	34.4
1980	35.1
1981	36.6 (áætlað)

Þessi neikvæða þróun skuldastöðu erlendra lána verður ekki skýrð á árinu 1981 með auknum orkuframkvæmdum. Skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður magnsamdráttur í stórvirkjunum, stóriðju og hitaveituf framkvæmdum á árinu. Hér er m. a. um að ræða aukna lánsfjárbörf vegna þess að framlög ríkissjóðs eru skorin niður að raungildi til framkvæmda og atvinnuvega, en lána aflað að hluta í staðinn.

Mikilvæg skýring þessarar miklu aukningar erlendra skulda er enn fremur fólgin

Í því, eins og fyrr segir, að ein stærstu og arðbærustu fyrirtæki landsins, eins og Landsvirkjun og Hitaveita Reykjavíkur, eru knúin til þess af stjórnvöldum að verðleggja vöru sína þannig að enginn afgangur er til framkvæmda úr rekstri fyrirtækjanna. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun Landsvirkjunar, sem fylgir hér með í forskj., er ekki gert ráð fyrir að fyrirtækið leggi krónu af eigin fé til framkvæmda á árinu 1981. Þar er m. a. gert ráð fyrir að taka erlent lán til greiðslu vaxta á byggingartíma að upphæð 67 m.nýkr. (eða 6.7 milljarða gkr.). Fyrir nokkru mun Landsvirkjun hafa getað fjármagnað allt að 25% af stofnkostnaði virkjana með eigin fé. Þetta mundi samsvara 117 m.nýkr. í ár (11.7 milljörðum gkr.) og þeim mun minni þörf erlendra lántöku.

Erlendar lántökur til framkvæmda, sem spara eða afla gjaldeyris, eru eðlilegar sé þannig að rekstri viðkomandi fyrirtækja og stjórn efnahagsmála staðið að mæta megi aukinni greiðslubyrði. Því er augljóslega ekki þannig farið nú með margar þær lántökur sem áformaðar eru skv. þessu frv. Í þjóðfélagi, sem byggir á óvissum afla, sveiflukenndu verði á útflutningsvörum og fleiri óvissupáttum með gjaldeyrisöflun verður jafnan að gæta hófs um erlendar lántökur, a. m. k. til eyðslu og óarðbærra framkvæmda, en nú eru í vaxandi mæli tekin erlend lán í því skyni.

VI. Fjárfesting og stefnan í atvinnu- og orkumálum.

Skv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir þessu frv., er áætlað að heildarfjárfesting dragist örlítið saman frá því í fyrra og nemi 26% af þjóðarframleiðslu sem er ofar því marki sem svonefnd Ólafslög gera ráð fyrir. Í fyrra reyndist fjárfesting 27% af þjóðarframleiðslu, en var áætluð 26½%. Hún jókst þá um 8%, en er talin dragast nokkuð saman á árinu 1981, miðað við að verðlagsforsendur frv. um 42% verðbólgu milli ára standist, sem viðurkennt er í skýrslunni að verði ekki. Því má búast við að heildarfjárfestingin verði svipuð og í fyrra þegar upp verður staðið.

Kafla lánsfjáráætlunarinnar um fjárfestingu er einkar lærdómsríkur um það, hvert lánsfjármagni hefur verið beint í þjóðfélaginu með meira eða minna miðstjórnarvaldi á þeim árum sem fylgt hefur verið vinstri stefnu í efnahagsmálum.

Á árinu 1981 er áætlað að framkvæmdir við stórar virkjanir, stóriðju og hitaveitur dragist saman að magni um rúm 4%. Fjárfesting í atvinnuvegunum er áætluð dragast saman um 12½%, en byggingar hins opinbera aukast um tæp 16% og þriðja árið í röð eru byggingar og mannvirki hins opinbera eini aðalþáttur fjárfestingaráætlunarinnar sem eykst ár frá ári. (Sjá töflu á bls. 49 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981.)

Fjármunamyndunin hefur breyst þannig 1979—81 skv. rauntölum 1979, áætlun 1980 og spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar (magnbreyting):

	1979 — %	1980 — %	1981 — %
1) Atvinnuvegir	0.0	4.5	÷12.6
2) Íbúðarhús	÷2.1	÷5.0	0.0
3) Byggingar og mannvirki hins opinbera ..	1.9	21.2	2.8
Fjármunamyndun alls	0.1	8.0	÷4.1

1) Fjármunamyndun í atvinnuvegum.

Ef frá eru talin kaup á flutningatækjum, sem eðlilega eru mjög sveiflukennd, hefur fjármunamyndun í atvinnuvegunum farið ört minnkandi árin 1979—81 og mestur er samdrátturinn áætlaður á árinu 1981. Sumpart er hér um eðlilega áherslubreytingu að ræða milli atvinnugreina, en samdráttur í fjármunamyndun í fiskiðnaði í fyrra og stóriðnaði allt tímabilið segir sína sögu. Engin atvinnugrein eflist að fjármunamyndun á þessu tímabili öll árin nema „annar iðnaður“, en magnaukning þar er einungis 7—11% árin 1979 og 1980.

2) Íbúðarhús.

Athyglisvert er að gera má ráð fyrir verulegum samdrætti í íbúðarbyggingum þriðja árið í röð. Að vísu er gert ráð fyrir að magn framkvæmda haldist í horfinu í ár eftir 2% samdrátt 1979 og 5% samdrátt 1980, en skv. ummælum fulltrúa Húsnæðisstofnunar, sem koma fram annars staðar í nefndarálitinu, er miklu nær að búast við verulegum samdrætti á þessu sviði í ár, auk þess sem sú stefna er allsráðandi að auka svonefndar „félagslegar“ íbúðarbyggingar, en þrengja þeim mun meira að möguleikum þeirra sem vilja vera að öllu leyti sjálfs sín ráðandi í húsnæðismálum.

3) Byggingar og mannvirki hins opinbera.

Þessi báttur fjárfestingarinnar vex mjög öll árin, sumpart vegna áframhaldandi framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun og stærri hitaveitur á s.l. ári. Athyglisvert er að gert er ráð fyrir rúmlega 4% samdrætti framkvæmda á þessum sviðum 1981, en magn opinberra framkvæmda vex samt í heild, og talar það sínu máli að því er varðar aðrar skýringar á aukinni fjármunamyndun hjá hinu opinbera og ber vott um stefnuleysið í orkumálum sem nú ríkir.

Framangreint yfirlit um stefnuna í fjármunamyndun (sjá nánar töflu á bls. 49 í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981) staðfestir svo ekki verður um villst að innlendu og erlendu lánsfjármagni er í vaxandi mæli beint til hins opinbera, auk hækkandi skattheimtu, atvinnuvegirnir eru meira eða minna látnir lönd og leið stóriðnaður er ekki á dagskrá og slakað er á framkvæmdum í orkumálum. Þessi vinstri stefna í lánsfjármálum er því snar báttur í þeirri efnahagsstefnu sem veldur samdrætti þjóðarframleiðslu, erlendri skuldasöfnun, óðaverðbólgu, versnandi lífskjörum og hættu á atvinnuleysi, sem nú blasir við almenningi.

VII. Óþingleg vinnubrögð og lögbrot við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Í fjármálaráðherratið Matthíasar Á. Mathiesens voru tekin upp þau vinnubrögð að gera lánsfjáráætlun og var hún að jafnaði lögð fyrir Alþingi og fjárveitinga-nefnd til upplýsinga áður en afgreiðslu fjárlaga lauk.

Í lög um stjórn efnahagsmála, sem samþykkt voru á Alþingi 7. apríl 1979, voru tekin upp viðamikil ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir. Þar segir orðrétt í 14. gr.: „Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi.“ (Leturbr. hér.)

Þetta lögfesti vinstri stjórnin en hún afgreiddi einu lánsfjárlög sín 16. maí 1979! Árið 1980 var frv. til lánsfjárlaga útbúið á Alþingi 3. maí og lánsfjárlög afgreidd 19. maí. Þetta var afsakað með þingrofi haustið 1979 og óvenjulegu þinghaldi um veturinn. Í inngangsorðum fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 er viðurkennt að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv. (Leturbr. hér.) Síðhúsið frumvarp að lánsfjárlögum fyrir 1980 og lánsfjáráætlun er afsökuð hannig orðrétt: „Þingrof í okt. 1979, alþingiskosningar í des. 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa, sem fylgdi í kjölfarið, hafa á ýmsan hátt raskað gangi þingmála. Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi, samtímis fjárlagafrumvarpi.“ (Leturbr. hér.)

Að þessu sinni er við afgreiðslu lánsfjárlaga 1981 engri slíkri afsökun til að dreifa. Í greinargerð fjárlagafrv. segir svo orðrétt: „Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi (Leturbr. hér.), og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsýn af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðar-tekna.“

Við fjárlagaafgreiðslu fengu þingmenn í hendur bráðabirgðaskýrslu um opinberar framkvæmdir og erlenda lántöku sem hefur breyst verulega síðan. Í henni

segir: „Vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni er nú vel á veg komin og er áformað að leggja hana fyrir Alþingi að loknu jólaeyfi.“ (Leturbr. hér.)

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var síðan ekki lögð fram fyrr en nú um mánaða- mótin mars/apríl eða skömmu fyrir páska! Þegar þessi áætlun liggur svo fyrir Alþingi hálfu ári síðar en lögboðið er, þá er hún þannig úr garði gerð að eitt rekst á annars horn og er greinilegt að enginn hefur lesið plaggið í samhengi. Tölur í yfirliti á bls. 18 og 19 koma ekki heim og saman við aðrar upplýsingar í skýrslunni. Í fjárveitinganefnd er fjallað um aðrar tölur í heildarfjáröflun til vegamála við undirbúning vegáætlunar en fram koma í þessu frv. og lánsfjáráætlun, og brtt. voru kynntar í fjárhags- og viðskiptanefnd á lokafundi hinn 2. apríl sem nema verulegum fjárhæðum í aukningu erlendra lántöku.

Þessi vinnubrögð sýna lausatök og hringl ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahags- mála og dæmafáa iðni hennar í hrossakaupum við einstaka stuðningsmenn til þess að geta lafað við völd.

Hér er að sjálfsögðu um lögprot að ræða. Það, sem vakti fyrir mönnum, þegar þau ákvæði voru sett að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skyldi fylgja fjárlaga- frumvarpi, var að sjálfsögðu að þá væri m. a. hægt að „meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarframkvæmdum í landinu“ og jafnframt að fá heildaryfirsýn yfir allan ríkisbúskapinn og bestu upplýsingar, sem tiltækar eru, um þróun peninga- mála, þegar fjárlög eru afgreidd. Slik vinnubrögð eru það sem koma skal.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir.
frsm.

Fylgiskjal I.

HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS

17. febr. 1981.

Byggingarsjóður ríkisins. Áætlun IV 1981.

Innstreymi	M.kr.
Ríkissjóður	52.1
Skyldusparnaður (nettó)	25.5
Atvinnuleysistryggingasjóður	32.9
Lífeyrissjóðir	161.2
Afborganir, vextir og vísitala	93.0
Tekjur tæknideildar	1.8
Annað	0.5
	<hr/>
	367.0
Útstreymi	
Rekstrarkostnaður	7.0
Afborganir, vextir og vísitala v/lífeyrissj.	43.0
Sjóðshækkun	5.0
Skuld við Framkvæmdanefnd (FB)	2.0
Annað	3.0
Lánveitingar	307.0
	<hr/>
	367.0

Lánveitingar 1981

Nýbyggingar (1., 2. og 3. hluti)	145.0
Eldri íbúðir	70.0
Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir	10.0
Viðbyggingar og endurbætur	5.0
Heilsuspillandi húsnæði	5.0
Einstaklingar með sérþarfir	2.0
Orkusparandi breytingar	12.0
Tækninýjungar og rannsóknir	2.0
Framkvæmdalán	14.0
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	40.0
Verkamannabústaðir	2.0
	<hr/>
	307.0

Skýringar við Áætlun IV 1981.

Ríkissjóður: Samkvæmt fjárlögum 1981 fær Byggingarsjóður ríkisins 43.0 m.kr. frá ríkissjóði. Ekki liggur fyrir hvernig þessu fjármagni verður skipt niður á mánuði. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að því verði skipt í 12 jafnar greiðslur og framlagið í desember n. k. verði ekki greitt fyrr en í janúar 1982, samtals kæmu þá 39.4 m.kr. Einnig er reiknað með að skuld ríkissjóðs við Byggingarsjóð ríkisins um áramótin 1979 og 1980, 12.7 m.kr., sem var greidd í janúar s. l., komi til viðbótar þessum 39.4 m.kr., samtals 52.1 m.kr. Upplýsingar frá fjármálaráðuneyti um hvernig farið verður með þessa skuld, liggja ekki fyrir.

Skyldusparnaður (nettó): Hann varð 20.4 m.kr. (nýkr.) 1979, en aðeins tæpar 18.2 m.kr. (nýkr.) 1980. Innstreymi (brúttó) 1980 var 84.8 m.kr. (nýkr.) og útstreymi (brúttó) var 66.6 m.kr. (nýkr.). Hér er gert ráð fyrir 40% hækkun eða 25.5 m.kr. (nettó) 1981.

Atvinnuleysistryggingasjóður: Samkvæmt fjárlögum 36.4 m.kr. Fjárlagatölunni hverju sinni hefur verið skipt í 4 jafnar greiðslur og hefur lokagreiðsla oft komið árið eftir. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 3/4 af fjárlagatölunni eða 27.3 m.kr. og lokagreiðslu vegna 1980 5.6 m.kr., samtals 32.9 m.kr.

Lífeyrissjóðir: Í þessari áætlun eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna afgangstærð. Á árinu 1980 keyptu þeir skuldabréf fyrir tæpar 80 m.kr. (nýkr.). Áætluð kaup 1981 eru 161.2 m.kr., eða hækkun um 101.5%.

Rekstrarkostnaður: Hann varð um 6.2 m.kr. (nýkr.) 1980. Á árinu er reiknað með að ráðnir verði nokkrir nýir starfsmenn. Hér verður gert ráð fyrir 50% hækkun. Rekstrarkostnaðurinn verður þá 9.3 m.kr. 1981, sem skiptist þannig að 3/4 hlutar eða 7 m.kr. koma úr Byggingarsjóði ríkisins og 1/4 hluti eða 2.3 m.kr. koma úr Byggingarsjóði verkamanna.

Sjóðshækkun: Í þessari áætlun er þessi liður lækkaður verulega frá fyrri áætlunum í trausti þess, að ríkissjóður ábyggist endurgreiðslur til lífeyrissjóðanna í byrjun árs 1982.

Skuld við Framkvæmdanefnd (FB): Samkvæmt upplýsingum frá veðdeild Landsbanka Íslands nam þessi skuld við áramótin rúmum 2 m.kr. vegna hagnaðar sem myndast hefur við sölu svokallaðra FB-íbúða í Breiðholti.

Lánveitingar 1981: Á árinu 1980 var ráðstafað í útlán 215.5 m.kr. (nýkr.), áætluð útlán 1981 307 m.kr., hækkun um 42.46%.

Nýbyggingar (1., 2. og 3. hluti): Frumlán (1. hluti) til þeirra, er gera fokhelt okt./des. 1980, 185 íbúðir eða 5 m.kr. Frumlán til þeirra, er gera fokhelt jan./sept. 1981, áætlaðar um 1087 íbúðir, sambærilegt tímabil 1980 1265 íbúðir (14% fækkun).

Samkvæmt lögum nr. 51/1980 um stofnunina fer fjárhæð lána á árinu 1981 eftir fjölskyldustærð umsækjanda miðað við svokallaðar staðalíbúðir. Lánin eiga skv. þessum lögum að hækka ársfjórðungslega. Reglugerð um þessar staðalíbúðir liggur ekki fyrir, en hér er gert ráð fyrir að meðallánið á öllu árinu 1981 verði um kr. 122 800 og er þá áætluðum fjölda fokheldra íbúða á árinu 1981 skipt niður eftir fjölskyldustærðum umsækjenda miðað við nokkrar lánveitingar á árinu 1980. Jafnframt er tekið mið af verðbólguþá í fjárlögum. Frumlán til þeirra, sem gera fokhelt í jan./sept. 1981 nema því um 43.5 m.kr.

Viðbótarlán (2. og 3. hluti) til þeirra, sem þegar hafa fengið 1. eða 2. hlutann á árinu 1980, samtals um 77.5 m.kr. Viðbótarlán (2. hluti) til þeirra, sem gera fokhelt okt./des. 1980, 5 m.kr. og viðbótarlán (2. hluti) til þeirra, sem gera fokhelt jan./mars 1981, 12.7 m.kr. Um s. l. áramót námu óhafin F-lán 3.9 m.kr. Hér verður reiknað með 1.3 m.kr. og annað jafnist út um n. k. áramót.

Eldri íbúðir (G-lán): Á árinu 1980 námu útborguð lán til kaupa á eldri íbúðum 47 m.kr., en óhafin G-lán um s. l. áramót námu 7.5 m.kr. Hér verður reiknað með 70 m.kr., hækkun um 48.9%. Lán verða veitt þeim, sem leggja inn umsóknir á tímabilinu 1. júlí 1980 til 30. júní 1981. Á árinu 1980 voru veitt lán til 2044 íbúða vegna umsókna, sem bárust á tímabilinu 1. júlí 1979 til 30. júní 1980. Þessum 70 m.kr. verður skipt þannig, að 21 m.kr. eru vegna umsókna, sem bárust frá 1. júlí 1980 til s. l. áramóta, 45 m.kr. vegna umsókna, sem berast frá 1. jan. s. l. til 30. júní n. k., og 4 m.kr. vegna óhafinna lána um s. l. áramót.

Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir: Með lögum nr. 51/1980 á stofnunin að lána til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða. Fram að gildistöku þessara laga lánaði stofnunin aðeins til byggingar íbúða fyrir aldraða og nema þau lán um 2 m.kr. á árinu 1981. Til viðbótar voru óhafin lán um s. l. áramót 1 m.kr. Margar umsóknir hafa borist skv. þessum nýju lögum. Þessi lán mega nema allt að 50% af áætluðum byggingarkostnaði.

Viðbyggingar og endurbætur: Með lögum nr. 51/1980 á stofnunin að lána til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði til viðbótar lánnum til viðbygginga. Lán má nema allt að 50% af byggingarláni staðalíbúðar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu. Búast má við að þessi lánaflokkur verði mjög vinsæll.

Heilsuspillandi húsnæði: Á árinu 1980 námu útborguð lán vegna heilsuspillandi húsnæðis 21.3 m.kr., en óhafin lán um s. l. áramót námu 1 m.kr. Hámarkslán var kr. 45 000 á íbúð.

Einstaklingar með sérþarfir: Þessi lán má veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Þessi lán mega nema allt að 80% af endurbótakostnaði.

Orkusparandi breytingar: Þetta er nýr lánaflokkur. Þessi lán eru veitt í þeim tilgangi að draga úr hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, einkum þess sem er hitað með olíu. Þessi lán mega nema allt að 75% af áætluðum kostnaði. Búast má við að þessi lánaflokkur verði mjög vinsæll.

Tækninýjungar og rannsóknir: Samkvæmt lögum nr. 51/1980 má veita þessi lán einstaklingum, framkvæmdaaðilum og stofnunum, sem þróa tæknilegar aðferðir og nýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, styttingar byggingartíma eða stuðla með öðrum hætti að aukinni hagræðingu í byggingariðnaði.

Framkvæmdalán: Samkvæmt samningum sem í gangi eru, aðallega vegna byggingar íbúða hjá byggingarsamvinnufélögum, nema þessi lán á árinu 1981 um 5 m.kr. Á árinu 1980 námu útborguð framkvæmdalán um 13.7 m.kr. Gert er ráð fyrir svipaðri fjárhæð á árinu 1981.

Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga: Samkvæmt nýju lögnum verða lán til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga veitt úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar kemur þetta ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1981, þar sem húsnæðismálastjórn hefur nú þegar samþykkt lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1981 til byggingar leigu- og söluíbúða sveitarfélaga, samtals að fjárhæð 40 m.kr.

Verkamannabústaðir: Samkvæmt nýju lögnum verða lán til byggingar verkamannabústaða aðeins veitt úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar hafa þegar verið gerðir samningar um lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1981 til byggingar verkamannabústaða, samtals að fjárhæð 2 m.kr.

Fylgiskjal II.

LANDSVIRKJUN

6.3.81

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis
Hr. formaður
Ólafur Ragnar Grímsson

Landsvirkjun hefur móttekið bréf yðar, dags. 3. þ. m., þar sem óskað er eftir fjármögnunar- og framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar fyrir árið 1981 vegna umfjöllunar fjárhags- og viðskiptanefnda efri og neðri deilda Alþingis á frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Í samræmi við framangreindar óskir yðar fara hér á eftir niðurstöður áætlana Landsvirkjunar um fjárfestingar 1981 og fjármögnun þeirra:

Fjárfestingarliðir	Millj. nýkr.
Hrauneyjafossvirkjun	370
Rannsóknir	11
Vatnaveitur	10
Mötuneyti og húsnæði fyrir starfsmenn við Búrfell	5
Bíla- og tækjakaup	2
Ófyrirséð	4
Stofnkostnaður alls	402
Vextir færðir á stofnkostnað	67
	<hr/>
	469
Fjármögnun	Millj. nýkr.
Framlag ríkisins	3.82
Framlag Reykjavíkurborgar	3.82
Erlendar lántökur	461.36
	<hr/>
	469.00

Í framangreindum áætlunum er gert ráð fyrir 40% verðbólgu 1981 og genginu § 1 = Nýkr. 6.366, en um 38% af kostnaði við Hrauneyjafossvirkjun án vaxta er erlendur kostnaður. Enn fremur byggjast áætlanir þessar á því, að hæfilegar leiðréttingar fáiast á gjaldskrá fyrirtækisins á þessu ári, svo að árið verði greiðsluhallaust og þá miðað við, að allt að helmingur stofnkostnaðarvaxta færist sem rekstrargjöld.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónatansson
aðst. framkvæmdastjóri